

3. janúar 1975.

1

Nr. 1.

## AUGLÝSING

### um heimild til hækkunar raforkuverðs í heildsölu.

Ráðuneytið hefur veitt Rafmagnsveitum ríkisins, Reykjavík, Andakilsárvirkjun, Akranesi og Laxárvirkjun, Akureyri, heimild til 25% hækkunar heildsöluverðs raforku í gildandi gjaldskrá þeirra, frá og með 1. janúar 1975.

*Iðnaðarráðuneytið, 3. janúar 1975.*

F. h. r.

Árni Snævarr.

*Jóhannes Guðfinnsson.*

8. janúar 1975.

Nr. 2.

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 249 22. desember 1971, um niðurfjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

#### Gjaldtæxtar.

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattsskyldar eru skv. 1. gr. skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0.30% (0.30 af hundraði) af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta — og mesta gjald á rúmmeter í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði .....	minnst 9.60, en mest 14.40 kr/m <sup>3</sup>
Vöruheymslur .....	— 7.20, — — 16.80 —
Aðrar byggingar .....	— 9.60, — — 16.80 —

Vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal aldrei vera lægri en kr. 1 500 af skattskyldri fasteign.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er skv. 2. gr., skal vera kr. 7.40 á hvern rúmmeter vatns.

Borgarstjórn getur hækkað eða lækkað um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

B 1